

Stjórn Prýðifélagsins Skjaldar, samtaka íbúa í Skerjafirði sunnan flugvallar, harmar að borgaryfirvöld hafi keyrt i gegn og samþykkt deiliskipulagið við Hlíðarenda í Reykjavík sem hefur það í fór með sér að neyðarbrautinni verður lokað áður en Rögnunefndin hefur lokið störfum og þrátt fyrir að áhættunefnd Ísavía hafi lýst því yfir að lokun neyðarbrautarinnar sé „óásættanleg“ út frá öryggi flugvallarins.

Þá harmar stjórnin jafnframt að borgaryfirvöld með Dag. B. Eggertsson borgarstjóra í fararbroddi hafi virt íbúalýðræði að vettugi og farið gegn vilja þeirra 70 þúsund einstaklinga sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Stjórnin skorar á borgarstjóra að hann felli ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs um deiliskipulagið við Hlíðarenda í borgarráði en þannig mun hann geta efnt þann hluta samstarfssáttmála núverandi meirihluta í borginni um aukið íbúalýðræði og aukna aðkomu borgarbúa í mikilvægum málum.

f.h. stjórnar Prýðifélagsins Skjaldar,

Ivar Pálsson, viðskiptafræðingur